



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

15. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Kaffihúsinu Græna Kannan að Sólheimum þann 29. október 2023 klukkan 14:00.

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen

Dagskrá:

1. Þjónustudagatal 2024

Rætt var um verkefnin sem liggja fyrir varðandi útgáfu á þjónustudagatali sveitarfélagsins. Formaður ætlar að óska eftir skrá yfir þjónustuaðila á exelformi. Tilboð frá Elínu hjá Layout hljóðar upp á 60.000 kr. + vsk fyrir grunnvinnuna. Hugsanlega þar að greiða fyrir einhverja auka tíma. Óskað hefur verið eftir tilboðum í prentun hjá : Prentmet Odda, Prentverk Selfossi, Litróf og Guðjón Ó.

Stefnt er á að koma dagatalinu í dreifingu fyrir áramót, helst milli jóla og nýárs. Nefndin ætlar að athuga með hvaða hætti dagatalinu verður dreift í hús í sveitarfélaginu. Hugsanlega verður það gert að fjáröflun fyrir félagasamtök.

2. Fjárhagsáætlun 2024

Unnið var í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 og farið yfir kostnað ársins 2023. Fjárhagsáætlunin var unnin inn í skjal frá Framkvæmda og veitunefnd.

3. Næsti fundur

Ákveðið að færa næsta fund til 16. nóvember vegna vinnu við dagatalið.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 16:00